



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um sérstakan styrk til að greiða fyrir frístundadvöl*

Þann 18. október 2023 lagði fulltrúi Flokk fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um sérstakan styrk til að greiða fyrir frístundadvöl:

Flokkur fólksins leggur til að foreldrar með aðþrengdan fjárhag geti sótt um sérstakan styrk til að greiða fyrir frístundadvöl barna sinna í stað þess að nota frístundastyrkinn sem er ætlaður til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Staðan í dag er þannig að í tilfellum 1020 barna er frístundakortið þeirra notað til að greiða fyrir Frístundaheimili og í tilfellum 150 barna er frístundastyrkurinn þeirra notaður til að greiða fyrir íslenskukennslu. Frístundakortið var hugsað frá upphafi sem styrkur til að auka jöfnuð og gefa börnum tækifæri til tómstunda- og íþróttaiðkunar að eigin vali óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Umsögn:

Í tillögu Flokks fólksins er lagt til að foreldrar með aðþrengdan fjárhag geti sótt um sérstakan styrk til að greiða fyrir frístundadvöl barna sinna í stað þess að nota frístundastyrkinn sem ætlaður er til íþrótt- og tómstundaiðkunar.

Á árinu 2022 nýttu alls 7933 strákar og 7213 stúlkur frístundastyrkinn eða alls 15.146 börn.

Í tillögu Flokks fólksins kemur fram að í dag sé staðan sú barna (tæplega 7% barna ef miðað er við fjölda barna sem nýttu styrkinn árið 2022) er frístundakortið notað til að greiða fyrir frístundaheimili og í tilfellum 150 barna (1% miðað við nýtingu árið 2022) er frístundastyrkurinn notaður til að greiða fyrir íslenskukennslu.

Samkvæmt upplýsingum menningar- og íþróttasviðs fengu tveir skólar greitt fyrir tungumálanám árið 2022. Alliance Francaise með 36 nemendur og Pólski skólinn með 93 nemendur og því er ekki um að ræða íslenskunám. Skóla- og frístundasvið hefur nú skrifað undir samning við Pólska skólann sem og samtökin Móðurmál sem gerir móðurmálskennslu á þeirra vegum gjaldfrjálsa fyrir börin og geta því foreldrar nýtt frístundastyrkinn í annað. Samkvæmt upplýsingum menningar- og íþróttasviðs þá eru margir foreldrar sem ráðstafa hluta frístundakorts upp í frístundaheimili þegar verð er að klára að nýta styrkinn fyrir árið.

Þegar unnið var að aðgerðaáætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna (2020) lagði Flokkur fólksins mikla áherslu á að reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg yrði breytt þannig að því skilyrði að foreldrar yrðu fyrst að nýta frístundastyrkinn, áður en þeir fengu styrk til greiðslu frístundaheimilis á grundvelli reglnanna, yrði fellt út. Reglunum var breytt og nú eiga allir foreldrar sem þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu rétt á þjónustugreiðslum til að mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt



að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar.

Þeir foreldrar sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu þurfa því ekki að nýta frístundastyrkinn til greiðslu á frístundaheimili.

Á fundi borgarráðs þann 8. júní 2023 var tillaga um framhald verkefnisins frístundir í Breiðholti samþykkt. Markmiðið verkefnisins er að auka þátttöku barna í virku íþrótt- og frístundastarfi með áherslu á hópa sem síður hafa nýtt frístundakortið. Í því verkefni er gert ráð fyrir 6 m.kr. styrktarsjóði til eflingar íþrótt- og frístundaráttöku, en sjóðurinn styrkir börn og foreldra sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barna sinna í íþróttum, listum og öðru frístundastarfi. Verið er að vinna að því að innleiða reynsluna af frístundaverkefninu í Breiðholti í önnur hverfi borgarinnar með áherslu á að kynna frístundakortið fyrir þeim börnum og foreldrum sem eru ekki að nýta það.

Að auki má nefna að á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er heimild til ýmis konar stuðnings til barna, t.d. á grundvelli 16. gr. og 27. gr. reglnanna. Starfsfólk miðstöðva reynir eftir fremsta megni að vera vakandi yfir aðstæðum barna og tryggja að aðþrengdur fjárhagur komi ekki í veg fyrir þátttöku barna í frístundastarfi. Fjöldmörg dæmi eru ennfremur um að íþróttafélög borgarinnar séu vakandi yfir þeim börnum þar sem möguleiki er á að aðþrengdur fjárhagur foreldra sé að koma í veg fyrir þátttöku þeirra í íþróttastarfi, m.a. með niðurfellingu æfingagjalda.

Með þeim breytingum sem hafa orðið á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg hefur borgin gripið til aðgerða til að tryggja að foreldrar þurfi ekki að nýta frístundastyrkinn til að greiða fyrir frístundaheimili.

Ekki er hægt að fullyrða að þeir foreldrar sem kjósi að nýta frístundastyrkinn til að greiða fyrir frístundaheimili eða íslenskukennslu barna sinna greiði almennt ekki fyrir slíka þátttöku. Foreldrar geta valið hvernig þeir ráðstafa styrknum.

Ef gengið er út frá því að aðþrengdur fjárhagur sé að koma í veg fyrir þátttöku barna í íþrótt, listnámi eða tómstundum að eigin vali mætti mögulega skoða eftirfarandi leiðir.

- Gjaldskrá vegna frístundaheimila yrði endurskoðuð og dvölin gerð gjaldfrjáls fyrir ákveðna tekjuhópa. Gjald fyrir fimm daga dvöl í frístund með síðdegishressingu er kr. 20.077 á mán. Ef gert er ráð fyrir að u.p.b.1020 börn (þau tilfelli þar sem frístundastyrkurinn er nýttur til greiðslu frístundaheimilis) féllu í þann hóp þá yrði kostnaður um 205 m.kr. á ári.
- Frístundastyrkur yrði t.d. tvöfaldaður fyrir ákveðinn tekjuhóp, en upphæðin er 75.000 kr. á ári. Ef gert er ráð fyrir tvöföldum frístundastyrk til 1020 barna sem frístundastyrkurinn er nýttur til greiðslu frístundaheimilis og íslenskukennslu þá yrði viðbótarkostnaður um 76,5 m.kr.
- Gerðar yrðu breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð og þær útfærðar þannig að skilgreindur hópur foreldra fengi aukinn styrk til tómstunda- og íþróttaiðkunar fyrir börn sín. Slík ákvörðun yrði matskennd og háð ákveðnum skilyrðum.

Ef komið yrði á fót styrktarsjóði fyrir foreldra er það mat velferðarsviðs að best væri að um yrði að ræða aðgerðir sem eru sem minnst matskenndar, t.d. að ákveðinn tekjuhópur foreldra fengi hærri styrk eða breytingar yrðu á gjaldskrá. Slík ákvörðun krefst ítarlegri greiningar á nýtingu frístundastyrksins, t.d. á grundvelli tekjustöðu foreldra. Vinna þarf slíka greiningu í samstarfi við menningar- og íþróttasvið borgarinnar og skóla- og frístundasvið.